

# Fundur foreldrafélags BES

Mánudag 08.09.08

Mættir voru: Sveinn Ásgeir Jónsson, Þóra Þorsteinsdóttir, Lóa Björk Óskarsdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Eggert Jóhannesson, Hildur Jónsdóttir og Gerða Ingimarsdóttir.

Stjórn kýs í embætti:

Lóa Björk Óskarsdóttir: formaður

Gerða Ingimarsdóttir: varaformaður

Hildur Jónsdóttir: ritari

Þóra Þorsteinsdóttir: vararitari

Eggert Jóhannesson: gjaldkeri

Sveinn Ásgeir Jónsson: varagjaldkeri

Kolbrún Hulda Tryggvadóttir: meðstjórnandi

1. Ennþá vantar tengil í fyrsta bekk. Kolbrún uppfærir listann og sendir Hildi til dreifingar.
2. Ákveðið var að halda fund í september með tenglum. Harpa skólastjóri hafði haft orð á því að hún óskaði eftir að hafa námskeið með foreldrafélagi og tenglum um mentor. Einnig á að aðstoða tengla við að halda fund (sem þyrfti helst að vera í september) með foreldrum og kennara og undirbúa nokkur mál sem tenglar gætu rætt um á fundinum. Umræða um tölvuleiktækjanotkun (hún er bönnuð í skólanum) og útisvistartímarm.a. ungra barna, að betra væri að hann væri virtur og í því samhengi einnig harmað að ekki væri aðstoða fyrir eldri börnin til að hittast í félagsmiðstöð á Stokkseyri eða Eyrarbakka. Lóa ætlar að tala við Hörpu sem fyrst og ræða málin með henni hvernig við gætum unnið þennan fund með henni.
3. Leikskólinn Æskukot bauð okkur að vera með á námskeiði hjá Húgó sálfræðingi og var samþykkt að byggja það boð. Gerða ætlar að hafa samband við Leikskólann Brimver og athuga hvort þeir vildu líka vera með.
4. Tillaga kom frá Sveini um að bjóða fram aðstoð okkar í skólastarfinu, hann minnst á skólasetningu, þar sem foreldrafélagið gæti tekið að sér að sjá um veitingar og að ræða sérstaklega við foreldra barna í fyrsta bekk. Almennt að setning skólans væri hátíðlegri og jafnvel skemmtilegri.
5. Eggert lagði það til að foreldrafélagið mundi efla tengslin við foreldra með því m.a. að senda reglulega tölvupósta og jafnframt hvetja foreldra til þess að vera í meiri samskiptum við foreldrafélagið sem er jú þeirra málsvari. Einnig kom Eggert með þá ábendingu að jákvætt væri að sama skapi ef að kennarar væru duglegir við að senda foreldrum tölvupósta varðandi gang mála og undir það var tekið.
6. Leikhúsferðir ræddar. Sveinn tók að sér að skoða allt sem í boði væri, jafnvel hér í nágrenninu. Sveinn mun síðan senda stjórninni tillögur að menningarferðum fyrir nemendur.

7. Ákveðið var foreldrafélagið skyldi halda fundi á 6 vikna fresti og á þá á mánudögum. Næsti fasti fundur yrði því mán. 20 október. Jafnframt var ákveðið að vera í tölvupóstsamskiptum innan foreldafélagsins þess á milli.
8. Klúbbastarf fyrir nemendur á eldri stigum ræddar. Sveinn hafði mikinn áhuga á að foreldrar kæmu þar meira inn í og héldu kvöldnámskeið fyrir nemendur. Hann sjálfur gæti haldið tölvunámskeið. Hildur sagðist líka geta haldi myndlistartengd námskeið. Ákveðið var að þetta væri hægt að taka fyrir á foreldrafundi sem ætti að halda í september.
9. Jólafondur rætt. Ákveðið var að fá Stað á Eyrarbakka undir jólafondrið og að fá tengla og áhugasama foreldra til að aðstoða við jólafondur þar sem álagið á foreldrafélagið hefur verið of mikið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið ca. kl. 9.30